



3. október 2024
Tilv.: 2409089

Nefndarsvið Alþingis
nefndarsvið@althingi.is
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Efni: Fjárlagafrumvarp ársins 2025

Með tölvupósti dags. 16. september sl. óskaði fjárlaganefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabankana Íslands um frumvarp til laga um fjárlög 2025, 1. mál.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til fjárheimildir fyrir útgjöld ríkissjóðs árið 2025 og tekjur ársins áætlaðar. Seðlabankinn horfir fyrst og fremst til aðhaldsstigs ríkisfjármála þar sem það hefur áhrif á heildareftirspurn í hagkerfinu og þar með á verðbólguhorfur. Í þessu tilliti horfir Seðlabankinn helst til þess hvernig frumjöfnuður ríkissjóðs breytist á milli ára að teknu tilliti til hagsveiflunnar auk þess sem leiðrétt er fyrir veigameiri einskiptisliðum.

Í frumvarpinu er áætlað að afgangur af frumjöfnuði ríkissjóðs verði óbreyttur frá fyrra ári sem hlutfall landsframleiðslu en bæði frumtekjur og frumgjöld lækka sem hlutfall af landsframleiðslu milli ára. Í frumvarpinu eru tilgreindar ýmsar aðgerðir á tekju- og gjaldahlið sem ætla má að vegi á móti áhrifum sem minnkandi framleiðsluspenna hefur á afkomu ríkissjóðs. Af þeim sökum er áætlað að aðhaldsstig ríkisfjármála aukist á næsta ári og er sú aukning talin nema á bilinu ½%-1½% af framleiðslugetu hagkerfisins, eftir því hvaða mælikvarða miðað er við.

Í ljósi þróunar verðbólgu telur Seðlabankinn brýnt að ekki verði vikið frá því að aðhaldi í ríkisfjármálum verði beitt á næstu misserum. Með því geta ríkisfjármálin lagst á sveif með Seðlabankanum í baráttunni við verðbólgu og dregið úr aðhaldspörf peningastefnunnar.

Nánari umfjöllun um mat Seðlabankans á aðhaldsstigi ríkisfjármála verður að finna í Peningamálum 2024/4 sem koma munu út 20. nóvember næstkomandi. Um leið birtir bankinn nýja þjóðhagsspá.

Að öðru leyti gerir Seðlabanki Íslands ekki athugasemdir við frumvarp þetta.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri

Pórarinn G. Pétursson
framkvæmdastjóri
hagfræði og peningastefna

